

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 238 30. apríl 1982 um sama efni felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á jarðræktarsamþykkt fyrir búnaðarfélag Biskupstungna, Grímsness- og Laugardals í Árnassýslu, nr. 168 21. desember 1946.

1. gr.

1. gr. breytist og orðist svo:

Ræktunarsambandið nær yfir Búnaðarfélag Biskupstungnahrepps, Búnaðarfélag Grímsneshrepps, Búnaðarfélag Laugardalshrepps og Búnaðarfélag Grafningshrepps á félagssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.

Ofanskráð breyting, sem samþykkt var á aðalfundi ræktunarsambandsins miðvikudaginn 2. desember 1981, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fyrirsögn samþykktarinnar breytist til samræmis við breytingu skv. þessari auglýsingu.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. mars 1983.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.

1. gr.

3. mgr. 69. gr. falli niður.

2. gr.

2. mgr. 71. gr. falli niður.